

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 2019 í máli nr. S-829/2018:

Ákærvaldið

(Friðrik Smári Björgvinsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Inga Páli Bollasyni

(Björgvin Halldór Björnsson lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 21. janúar síðastliðinn, var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefni 6. desember síðastliðinn, á hendur Inga Páli Bollasyni, kennitala 000000-0000, [...], Reykjavík, „fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni og lögreglugögum framín í Reykjavík:

1. Brot gegn valdstjórninni og lögreglugögum, með því að hafa miðvikudaginn 22. nóvember 2017 á Snorrabraut veist með ofbeldi að lögreglumanninum A, sem var við skyldustörf og sat í farþegasæti kyrrstæðrar lögreglubifreiðar, og reynt að slá hann með krepptum hnefum og hótad honum líkamsmeiðingum og með því að hafa ekki hlýtt fyrirmælum lögreglu um að láta af háttsemi sinni og fara frá lögreglubifreiðinni og með því að hafa hindrad störf lögreglu með því að spyrna hurð lögreglubifreiðarinnar aftur og halda henni þegar lögreglumaðurinn reyndi útgöngu úr lögreglubifreiðinni.
2. Brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, með því að hafa miðvikudaginn 22. nóvember 2017 haft í vörslum sínum 3,45 g af amfetamíni, 1,54 g af kókaíni og 0,89 g af maríjúana sem lögreglan fann við leit í klæðum hans á lögreglustöðinni við Hverfisgötu eftir handtöku.
3. Brot gegn valdstjórninni, með því að hafa að kvöldi fimmtudagsins 4. janúar 2018 á veitingastaðnum Moe's við Jafnasel veist með ofbeldi að lögreglumanninum B, sem var þar við skyldustörf, og m.a. klórað hann í framan og ítrekað reynt að slá hann í andlit með þeim afleiðingum að B hlaut í átökunum 5 sentimetra grunna rispu út frá vinstra munnviki, roða á vinstra eyra og eymsli aftan við eyrað, núningsáverka á hnúum löngutangar, baugfingurs og litlafingurs á hægri hendi, grunnt hrúfl innanvert á vinstri olnboga, sitt hvora grunna rispu innanvert á báðum framhandleggjum og grunn hrúfl framan á báðum hnjám.

Telst háttsemi skv. 1. tl. ákæru varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 19. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, háttsemi skv. 2. tl. ákæru við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 ásamt síðari breytingum og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002 og háttsemi skv. 3. tl. við 1. mgr. 106. gr. almennrar hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er krafist upptöku á 3,45 g af amfetamíni, 1,54 g af kókaíni og 0,89 g af maríjúana sem lagt var hald á sbr. 2. tl. ákæru, skv. 6. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.“

Ákærði hefur fyrir dómi skýlaust játað að hafa framið brot þau sem honum eru gefin að sök í ákærinni og er játning hans studd sakargögnum. Það eru því efni til að leggja dóm á málið samkvæmt 1. mgr. 164. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir brotin sem eru réttilega færð til refsíákvæða í ákærinni.

Samkvæmt sakavottorði var ákærða refsað níu sinnum á árunum 2009 til 2017 fyrir umferðar- og fíkniefnalagabrot. Síðasti dómurinn er frá 11. september 2017 er hann var dæmdur í 90 daga fangelsi. Þá var ákærði dæmdur í 2 mánaða fangelsi 4. desember 2018 fyrir minni háttar líkamsárás og brot gegn barnaverndarlögum.

Brotin sem ákært er fyrir í 1. og 2. ákærulið eru hegningarauki við síðastgreindan dóm, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða verður ákveðin samkvæmt 77. gr. sömu laga og er hún hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði sem ekki eru skilyrði til að skilorðsbinda.

Fíkniefni verða gerð upptæk eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað og málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, sem ákvörðuð er að meðtöldum virðisaukaskatti í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingi Páll Bollason, sæti fangelsi í fjóra mánuði.

Upptæk skulu vera 3,45 g af amfetamíni, 1,54 g af kókaíni og 0,89 g af maríjúana.

Ákærði greiði 40.410 krónur í sakarkostnað og málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Björgvins Halldórs Björnssonar lögmanns, 316.200

krónur.

Arngrímur Ísberg